

REGLUR

um breytingu á reglum um stjórnskipulag hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri, nr. 416/2012.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „Fræðasviðsfundur gerir tillögu“ kemur: Fræðasviðsfundur veitir umsögn til rektors.
- b. Í stað „16. gr.“ í 1. mgr. kemur: 17. gr.
- c. Í stað „15. gr.“ í 1. mgr. kemur: 16. gr.

2. gr.

Í stað „17. gr.“ í 3. gr. reglnanna kemur: 18. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglnanna:

- a. Í stað „15. gr.“ kemur: 16. gr.
- b. Í stað „14. gr.“ kemur: 15. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. 1. mgr. 5. gr. orðast svo: Hug- og félagsvísindasvið skiptist í fjórar deildir: félagsvísinda-deild, kennaradeild, sálfræðideild og lagadeild.
- b. Í stað orðanna „Lög um sálfræðinga nr. 40/1976“ kemur: Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.
- c. Í stað orðanna „Lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnanda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008, lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.“ kemur: lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnanda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru af háskólaráði, eru settar með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum, sbr. einnig 14. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009, öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 25. júní 2020.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

B-deild – Útgáfud.: 12. ágúst 2020